

DV



- 17.50 **Þvottabirnir (3)**. (Raccoons). Nýr, bandarískur teikni-myndaflokkur. Leikráðir Hallur Helgason og Helga Sigríður Harðardóttir. Þýðandi Þorsteinn Þórhallsson.
- 18.15 **Litla vampírinn (10)**. (The Little Vampire). Sjónvarpsmyndaflokkur unninn í samvinnu Bretá, Þjóðverja og Kanada-manna. Þýðandi Ólaf Pétursdóttir.
- 18.45 **Tákn málsfréttir**.
- 18.55 **Vistaskipti**. Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Ólaf Pétursdóttir.
- 19.20 **Ambátt**. (Escrava Isaura). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
- 19.50 **Tommi og Jenni**.
- 20.00 **Fréttir og veður**.
- 20.30 **Fréttahaukar**. (Lou Grant). Bandarískur myndaflokkur um líf og störf á dagblaði. Aðalhlutverk Ed Asner, Robert Walden, Linda Kelsey og Mason Adams. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
- 21.20 **Læknar í nafni mannúðar**. (Medecins des Hommes). – Leikinn, franskur myndaflokkur þar sem fjallað er um störf lækna á stríðssvæðum víða um heim. Karenar eru kristinn þjóðflokkur í Búrma sem hefur átt í ófriði við stjórnmál þar í landi. Þýðandi Pálmi Jóhannesson.
- 23.00 **Ellefurfréttir og dagskrárlok**.



- 16.45 **Santa Barbara**.
- 17.30 **Merki Zorro**. Mark of Zorro. Tyrone Power í hlutverki grímu-klædda mannsins sem ríður um í skjóli nætur og tekur réttlætið í sínar hendur. Aðalhlutverk: Tyrone Power og Basil Rathbone.
- 19.00 **Myndrokk**.
- 19.19 **19:19**. Fréttum, veðri, íþróttum og þeim málefnum, sem hæst ber hverju sinni, gerð frískleg skil.
- 20.00 **Mikki og Andrés**. Mickey and Donald. Uppáttakarsæmi þeirra félagá kemur allri fjölskyldunni í gott skap.
- 20.30 **Kæri Jón**. Dear John. Bandarískur framhaldsmyndaflokkur með gamansömu yfirbragði. Aðalhlutverk: Judd Hirsch, Isabella Hofmann, Jane Carr og Harry Groener.
- 21.00 **Dagbók smalahunds**. Diary of a Sheepdog. Hollenskur framhaldsmyndaflokkur. Aðalhlutverk: Jo De Meyere, Ko van Dijk, Rudy Falkenhagen og Bruni Heinke.
- 21.55 **Dýrarikið**. Wild Kingdom. Einstaklega vandaðir dýralífsþættir.
- 22.20 **Stræti San Fransískó**. The Streets of San Francisco. Bandarískur spennu- og aðalhlutverk: Michael Douglas og Karl Malden.
- 23.10 **Brubaker**. Fangavörður nokkur hefur í hyggju að grafa undan misbeitingu valds og óréttlætis sem viðgengst í fangelsi í Suðurríkjunum. Myndin er byggð á sannsögulegum atburðum. Aðalhlutverk: Robert Redford, Murray Hamilton og David Keeth.
- 1.15 **Dagskrárlok**.



Rás 1 FM 92,4/93,5

- 6.45 **Veðurfreginir**. Bæn, séra Ólafur Jens Sigurðsson flytur.
- 7.00 **Fréttir**.
- 7.03 **Í morgunárið** með Sólveigu Thorarensen.
- 9.00 **Fréttir**.
- 9.03 **Litill barnatíminn**: Músín í Sunnuhlíð og vinir hennar eftir Margrétu Jónsdóttur. Sigurður Skúlason les fyrsta lestur. (Áður útvarpað 1984.) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
- 9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
- 9.30 **Landpósturinn**. Lesið úr forustugreinum landsmálblaða.
- 9.45 **Búnaðarþátturinn**. Rúllu-baggatækni. Arni Snæbjörnsson ræðir við Grétar Einarsson, forstöðumann búteknideildarinnar á Hvanneyri.
- 10.00 **Fréttir**. Tilkynningar.
- 10.10 **Veðurfreginir**.
- 10.30 **Húsin í fjörunni**. Umsjón: Hilda Torfadóttir. (Frá Akureyri)
- 11.00 **Fréttir**.

- 11.03 **Samhljómur**. Frá útskriftartónleikum Tónlistarskólans í Reykjavík: Verk eftir Eyþór Arnalds. Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
- 12.00 **Fréttayfirlit**. Tilkynningar.
- 12.20 **Hádegisfréttir**.
- 12.45 **Veðurfreginir**. Tilkynningar. Tónlist.
- 13.05 **Í dagsins önn** – Sjómansmyndin. Umsjón: Margrét Thorarensen og Valgerður Benediktsdóttir.
- 13.35 **Miðdegissagan** – Að drepa hermikráku eftir Harper Lee. Sigurlína Davíðsdóttir les þýðingu sína (7.)
- 14.00 **Fréttir**. Tilkynningar.
- 14.05 **Á frivaktinni**. Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalog sjómanna. (Einnig útvarpað nk. laugardagsmorgun kl. 6.01.)
- 15.00 **Fréttir**.
- 15.03 **Gestasþjall** – Komdu svo aftur og kysstu mig. Umsjón: Steinunn Jóhannesdóttir. (Endurtekinn þáttur frá fimmtudegi.)
- 16.00 **Fréttir**.
- 16.03 **Dagbókin**. Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfreginir**.
- 16.20 **Barnaútvarpið**. Barnaútvarpið heimsækir Akranes. Umsjón: Kristín Helgadóttir.
- 17.00 **Fréttir**.
- 17.03 **Tónlist á síðdeggi eftir Johannes Brahms**.
- 18.00 **Fréttir**.
- 18.03 **Fyll'ann**, takk. Gamanmál í umsjá Spaugstofunnar. (Endurflutt frá laugardegi)
- 18.10 **Á vettvangi**. Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 3.00) Tónlist. Tilkynningar.
- 18.45 **Veðurfreginir**. Tilkynningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir**.
- 19.30 **Tilkynningar**.
- 19.32 **Daglegt mál**. Endurtekinn þáttur frá morgni sem Ólafur Oddsson flytur.
- 19.37 **Um daginn og veginn**. Filippía Kristjónsdóttir rithöfundur talar.
- 20.00 **Litill barnatíminn**: Músín í Sunnuhlíð og vinir hennar eftir Margrétu Jónsdóttur. Sigurður Skúlason les fyrsta lestur. (Áður útvarpað 1984.) (Endurtekinn frá morgni.)
- 20.15 **Tónlist eftir Johann Sebastian Bach**.
- 21.00 **Sveitastæla**. Umsjón: Signý Pálsdóttir. (Endurtekinn þáttur frá föstudagskvöldi)
- 21.30 **Útvarpsagan**: Svarfæla saga. Gunnar Stefánsson les. (5.)
- 22.00 **Fréttir**.
- 22.15 **Veðurfreginir**. Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.25 **Frá Surtsey til Suðurskautlandsins**. Ari Trausti Guðmundsson ræðir við Sturlu Friðriksson erfðafræðing. (Einnig útvarpað á miðvikudag kl. 15.03.)
- 23.10 **Kvöldstund í dúr og moll** með Knúti R. Magnússyni.
- 24.00 **Fréttir**.
- 00.10 **Samhljómur**. Frá útskriftartónleikum Tónlistarskólans í Reykjavík: Verk eftir Eyþór Arnalds. Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
- 01.00 **Veðurfreginir**.
- 01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns**.



- 7.03 **Morgunútvarpið**. Leifur Hauksón og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, maður dagsins kl. 8.15.
- 9.03 **Morgunsyrypa**. Áslaug Dóra Eyjólfsson. Rugl dagsins kl. 9.25. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30. Sérþarfapening með Jóhannu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
- 12.00 **Fréttayfirlit**. Auglýsingar.
- 12.20 **Hádegisfréttir**.
- 12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einarri Jónassyni sem leikur þrautreynda gulladartónlist.
- 14.03 **Milli mála**. Arni Magnússon á útkikki og leikur nýju lögin. Rugl dagsins kl. 15.30 og veiðihorníð rétt fyrir fjögur.
- 16.03 **Dagskrá**. Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir, Sigurður Þór Salvarsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffisþjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Kristinn R. Ólafsson talar frá Spáni. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
- 18.03 **Þjóðarsálin**, þjóðfundur í beinni útsendingu.
- 19.00 **Kvöldfréttir**.
- 19.32 **Afram Ísland**. Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 20.30 **Útvarp unga fólksins**. Við

- hjúðnemann eru Hlynur Hallsón og norðlenskir unglingar.
- 22.07 **Rökk og nýbylgja**. Skúli Helgason kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt laugardags að loknum fréttum kl. 2.00.)
- 01.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns**. Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

NÆTURÚTVARP

- 01.00 **Blítt og létt...** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01.)
- 02.00 **Fréttir**.
- 02.05 **Lögun**. Snorri Guðvarðarson blandar. (Frá Akureyri) (Endurtekinn þáttur frá fimmtudegi á rás 1.)
- 03.00 **Á vettvangi**. Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn frá rás 1 kl. 18.10)
- 03.20 **Rómantíski róbótinn**.
- 04.00 **Fréttir**.
- 04.05 **Glefsur**. Úr dægurmálaútvarpi mánudagsins.
- 04.30 **Veðurfreginir**.
- 04.35 **Næturnótur**.
- 05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum**.
- 05.01 **Afram Ísland**. Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum**.
- 06.01 **Blítt og létt...** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt. Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10-8.30 og 18.03-19.00.



- 7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist. Kl. 8.30 er fluttur stuttur veiðipáttur Þrastar Elliðasonar, með viðtölum og fréttum af veiði.
- 10.00 **Valdis Gunnarsdóttir**. Valdis er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
- 14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson**. Óskalogin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur altaf fyrir sínu.
- 18.10 **Reykjavík síðdegis**. Hvað finnst þér? Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11.
- 19.00 **Freymóður T. Sigurðsson**. Meiri tónlist – minna mas.
- 20.00 **Sigursteinn Másson**. Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalog.
- 24.00 **Næturdagskrá**. Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.



- 7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í blandi við góða morguntónlist. Kl. 8.30 er fluttur stuttur veiðipáttur Þrastar Elliðasonar, með viðtölum og fréttum af veiði.
- 10.00 **Jón Axel Ólafsson**. Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum.
- 14.00 **Gunnlaugur Helgason**. Leikur hressa og skemmtilega tónlist við vinnuna.
- 18.10 **Íslenskir tónar**. Þessi geysivinsæli dagskrárlíður hefur verið endurvakinn vegna fjölda áskorana.
- 19.00 **Freymóður T. Sigurðsson**. Meiri tónlist – minna mas.
- 20.00 **Sigursteinn Másson**. Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalog.
- 24.00 **Næturstjörnur**. Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.



- 9.00 **Rótartónar**.
- 11.00 **Neðanjarðargöngin 7-9-13. E**.
- 13.30 **Á vettvangi baráttunnar**. Gömlum eða nýjum baráttumálum gerð skil. E.
- 15.30 **Laust**.
- 16.30 **Umrót**. Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
- 17.00 **Laust**.

- 17.30 **Laust**.
- 18.00 **Á mannlegu nótnum**. Flokkur mannsins.
- 19.00 **Bland í poka**. Tónlistarþáttur í umsjá Ólafs Hrafnssonar.
- 20.00 **Fés**. Unglingaþáttur. Umsjón: Bragi og Þorgeir.
- 21.00 **FART**. Þáttur með illa blönduðu efni í umsjá Alexanders.
- 22.00 **Hausaskak**. Þungarokksþáttur í umsjá Hilmars Þórs Guðmundssonar.
- 23.30 **Rótardraugar**. Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
- 24.00 **Næturvakt**.



- 17.00 **Blessandi boðskapur í margvislegum tónum**.
- 21.00 **Orð trúarinnar**. Endurtekið frá föstudegi.
- 23.00 **Blessandi boðskapur í margvislegum tónum**.
- 24.00 **Dagskrárlok**.
- 7.00 **Hörður Arnarson**.
- 9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie**.
- 11.00 **Steingrímur Ólafsson**.
- 13.00 **Hörður Arnarson**.
- 15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie**.
- 17.00 **Steingrímur Ólafsson**.
- 19.00 **Anna Þorláks/Steinunn Halldórsdóttir**.
- 22.00 **Sigurður Ragnarsson**. 1.00 – 7 Páll Sævar Guðjónsson.



- 4.30 **Viðskiptaþáttur**.
- 5.00 **The DJ Kat Show**. Barnaþáttur.
- 7.30 **Panel Pot Pourri**. Spurningaþáttur.
- 9.00 **The Sullivans**. Framhaldsþáttur.
- 9.30 **Sky by Day**. Fréttabáttur.
- 10.30 **A Problem Shared**. Fræðsluþáttur.
- 11.00 **Another World**. Sápuópera.
- 11.55 **General Hospital**.
- 12.50 **As the Worlds Turns**. Sápuópera.
- 13.45 **Loving**.
- 14.15 **The Lucy Show**. Gamanþáttur.
- 14.45 **The Littles**. Teiknimyndasería.
- 15.00 **Poppþáttur**.
- 16.00 **The Young Doctors**.
- 16.30 **Three's Company**. Gamanþáttur.
- 17.00 **Sky Star Search**. Hæfileika-keppni.
- 18.00 **Sale of the Century**. Spurningaleikur.
- 18.30 **Voyagers**. Spennu- og myndaflokkur.
- 19.30 **Battered**. Kvikmynd.
- 21.30 **Jameson Tonight**. Rabbþáttur.
- 22.30 **Boney**. Ævintýrasería.



- 15.00 **Jules Verne**–Strange Holiday.
- 17.00 **Maxie**.
- 19.00 **The Sure Thing**.
- 21.00 **Brazil**.
- 23.20 **Beer**.




- 9.30 **Irish Open Golf**. Lokadagur meistara-keppni frá Dublin.
- 12.00 **Tennis**. Kvænamót í Eastbourne.
- 13.00 **Körfuknattleikur**. Úrslit Evrópukeppni karla í Júgóslavíu.
- 14.00 **Rugby**. Ástralska deildin.
- 15.30 **Íþróttakynning Eurosport**.
- 17.00 **Bilasport**. Shell International Motor Sport.
- 18.00 **Hjólréiðar**. Frá Sviss.
- 19.00 **Eurosport** – What a Week! Lítið á helstu viðburði komandi viku.
- 20.00 **Vélfjúlaakstur**. Grand Prix keppni frá Hollandi.
- 21.00 **Box**. Múhameð Ali gegn Frazier.
- 21.30 **Körfuknattleikur**. Frá Evrópu-keppni karla í síðustu viku.



- 13.30 **Poppþáttur**.
- 14.30 **Hotline**.
- 16.30 **Poppþáttur**.
- 17.30 **Richard Diamond**. Sakamála-myndaflokkur.
- 18.00 **Big Valley**. Vestraþáttur.
- 19.00 **Dick Powell Theatre**.
- 19.45 **Fréttir og veður**.
- 20.00 **Discovery Zone**.
- 21.00 **Wild World**.
- 22.00 **Fréttir, veður og popptónlist**.

Mánudagur 26. júní



Skottu var farið að líða illa í loftleysinu. „Mér er svo óglatt,“ stundi hún.

Rás 1 kl. 9.03 og 20.00: Músín í Sunnuhlíð og vinir hennar – Margrét Jónsdóttir

Músín í sumarbústaðnum í Sunnuhlíð heitir Skotta og um hana og vini hennar er sagan sem verður byrjað að lesa í Litla barnatímanum í dag. Dýrin í sögunni eru ósköp manneskjuleg og lífsbarátta þeirra líkist um margt lífs-ferðum mannfólksins sem Skotta og vinir hennar búa í nábýli við. En gamanið er aldrei langt undan og margt spennandi og skemmtilegt gerist með dýrum og mönnum í Sunnuhlíð. Sagan var flutt í útvarpinu árið 1984 og kom út hjá bókaútgáfunni Selfjalli tveimur árum síðar. Höfundur sögunnar er Margrét E. Jónsdóttir fréttamaður. Árið 1988 kom út hjá Selfjalli seinni hluti sögunnar um Skottu og nefnist hann „Skotta eignast nýja vini.“ –J.Mar



Læknarnir í þáttaröðinni Læknar í nafni mannúðar starfa síður en svo við hefðbundnar aðstæður.

Sjónvarp kl. 21.20: Læknar í nafni mannúðar – framhaldsmyndaflokkur

Í kvöld verður sýndur þáttur úr leiknum framhalds-myndaflokki í sjónvarpinu. Fjallar hann um lækna sem förna sér í þágu mannkærleikans. Starfssvið þeirra er ekki hvítiskuruð sjúkrahús heldur vígvellir víða um heim. Aðstaðan er oft á tíðum bágrborin. En þrátt fyrir að læknana skorti oft á tíðum allt það sem talið er nauðsynlegt til að hlúa að stórslösuðu fólki auðnast þeim oft að gera kraftaverk og koma fólki til heilsu sem í fyrstu virtist ekki eiga sér nokkra von um lækningu. Þýðandi er Pálmi Jóhannesson.

Stöð 2 kl. 23.10: Brubaker

Sögusviðið er fangelsi í Suðurríkjunum Bandaríkjanna. Þar er starfandi fangavörður sem ætlar sér að grafa undan misbeitingu valds og óréttlætis sem viðgengst í fangelsinu. Myndin á að byggja á sannsögulegum atburðum.



Lokasýning verður á kvikmyndinni Brubaker á Stöð 2 í kvöld.

Kvikmyndahandbækur gefa myndinni 2½ stjörnu og ber saman um að myndin, þrátt fyrir góðan efni, sé í heild sinni ekki nógu trúverðug.

Nokkuð er um ofbeldi í myndinni og á fyrstu 20-30 mínútunum er fangelsislífið sýnt en það byggist á barsmíðum, nauðgunum og ótrúlegri mannvösku.

Robert Redford, Murray Hamilton og David Keeth fara með stærstu hlutverkin í myndinni.

raunar trúverðugasti hluti myndarinnar.